

Nd.

150. Nefndarálit

[93. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, og lögum nr. 29 1955, um breyt. á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv., en leggur til, að 1. gr. þess verði samhljóða IV. tölulið 11. gr. laga nr. 45 1950, að viðbættu því nýmæli, sem frv. gerir ráð fyrir. Þá vill nefndin benda á, að hún telur nauðsyn, að framkvæmd þess ákvæðis, sem í frv. felst, verði skýrt mörkuð í reglugerð. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

1. gr. frv. verði svo hljóðandi:

IV. töluliður 11. gr. laga nr. 45 1950 orðist svo:

Jarðrækt:

Vinnsla og jöfnun lands vegna akur- og túnræktar (þar á meðal vegna kalkskemmda) kr. 200.00 pr. ha.

Alþingi, 3. des. 1962.

Gunnar Gíslason,
form., frsm.

Benedikt Gröndal,
fundaskr.

Ágúst Þorvaldsson.

Jónas Pétursson.

Karl Guðjónsson.